



Til:
Efni:
Upplýsingar:

sas@skipulag.is

Hótel í landi Svínhóla í Lóni - tilkynning um vegna matsskyldu

Sent: 08-10-2019 15:31:36 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2019090027, Bréfalyklar: 42-0 almennt

Tilvísun í mál: 2019090027

Vísað er til bréfs frá Skipulagsstofnun, dags. 16. september sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um hvort og á hvaða forsendum fyrirhugaðar framkvæmdir við byggingu hótels í landi Svínhóla í Lóni skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum.

Almennt, vistgerðir tegundir og fuglalíf

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir framangreinda fyrirspurn um matsskyldu vegna byggingu hótels í landi Svínhóla í Lóni. Almennt lýsir fyrirspurnin fyrirhuguðum áætlunum vel og í fyrirspurninni kemur einnig vel fram að stefnt er að því að viðhafa umhverfisvænar lausnir við framkvæmdir og rekstur. Engu að síður virðast enn vera margir lausir endar um hvernig verður staðið að framkvæmdum og hvaða úrlausnir / mótvægisáðgerðir verða ofan á s.s. að ekki er ákveðið hvaða umhverfsvottanir verða notaðar, bls. 1, hönnun er ekki komin af stað, bls. 9 og **stefnt** er að því að nota efni úr ákveðinni námu bls. 20. Jafnframt kemur fram að stefnt er að því að hafa ekki frekari uppbyggingu, bls. 22, og flokkun landbúnaðarlands hefur ekki farið fram, bls. 22.

Að mati Náttúrufræðistofnunar er hér um nokkuð viðamiklar framkvæmdir að ræða. Gert er ráð fyrir að hýsa um 360 manns, þ.m.t. föst búseta, á hóteli og smáhýsum, ásamt starfsfólki sé svæðið fullnýtt. Svo dæmi sé tekið svipar það til þess að vera ríflega helmingur íbúa á Seyðisfirði. Gera má ráð fyrir álagi á nærliggjandi vistkerfi. Má þar nefna botngróður lónsins (skólp) og það fuglalíf sem sækir í lónið, aukin umferð gangandi og jafnvel aukin umferð á lóninu sjálfu.

Hvað vistgerðir snertir er framkvæmdasvæðið að stórum hluta á framræstu mýrlendi sem nú er nytjað sem tún. Framræsla hefur þurrkað mýrarnar að hluta þar sem þær flokkast nú sem graslendi á vistgerðakorti. Þetta kemur sömuleiðis fram á mynd 7.6 í skýrslu Mannvits. Röð smáhýsa verður á túnnum og eins hluti heilsárshúsa. Hluti bygginganna er á framræstu mýrlendi og graslendi sunnan túna. Bróðurpartur heilsárshúsa verður á aurkeilunni í jaðri mýrlendis sem nefnist Blautipartur. Eins er mýrlendi sunnan hótélbyggingar og heilsuræktar en byggingarnar eru staðsettar í jaðri mýrarinnar. Mýrarnar á framkvæmdasvæðinu eru að mestu leyti flokkaðar sem starungsmýravist sem hefur hátt verndargildi og er á lista Bernarsamningsins. Tvö þessara mýrasvæða, þ.e. Blautipartur og mýrin sunnan hótélbyggingar, teljast nægilega stór til að falla undir 61. grein laga um náttúruvernd.

Röð heilsárshúsa í framræstri mýri fer næst svæði nr. 626. á náttúruminjaskrá *Lónsfjörður og Hvalnes* og liggur alveg á mörkum þess eða um 100 m frá flæðarmáli lónsins. Skoða þarf fyrirhugaðar framkvæmdir m.t.t. sjávarfitjungsvistar, sjá meðfylgjandi mynd af sjávarfitjum sem kortlagðar voru í sumar.

Lónajurt (*Ruppia maritima*) sem er á válista (VU) er skráð innan framkvæmdasvæðisins, en líklega er vaxtarstaður hennar þó í lóninu sjálfu en jurtin er á válista (VU) og þó hún sé utan eiginlegs framkvæmdasvæðis getur hún orðið fyrir áhrifum t.d. af mengun.

Að mati Náttúrufræðistofnunar er ástæða til að gera athugasemd við að byggja alveg í jaðri og að hluta til á mýrlendi. Ef litið er á jarðveg sem kolefnisgeymi er óæskilegt að raska framræstum túnnum og mýri vegna svo umfangsmikilla húsbýgginga. Eins gæti það haft áhrif á virkni starungsmýrarinnar að byggja þétt við hana. Fljótt á litið virðist meirihluti smáhýsa, um helmingur heilsárshúsa og hótélbyggingin vera á mýrum og túnnum.

Landslag o.fl.

Eins og áður segir gerir framkvæmdin ráð fyrir að hýsa allt að 360 manns á hóteli/smáhýsum ásamt starfsfólki sé svæðið fullnýtt. Það mun því verða töluverð breyting á umhverfinu, aukin umferð fólks um svæðið og truflun, „ljósmengun" og þótt fyrirhugað sé að halda sjónrænum áhrifum í lágmarki þá mun svæði taka stakkaskiptum frá því sem nú er, vegir og önnur mannvirki, og breyta upplifun af svæðinu. Mikið byggingarmagn þétt við jaðar verndarsvæðis sem auk þess mun breyta hefðbundnu

landbúnaðarlandi í ferðaþjónustusvæði mun því hafa margvísleg áhrif.

Bent skal á að fyrirhuguð hótélbyggð er á aurkeilu Össurár. Í úrhellisrigningum/leysingum er alltaf viss hættu að flæði yfir svæðið. Þarna þyrfti e.t.v. að gera varnargarð fyrir hús og önnur mannvirki? Það mundi auka enn á sjónræn áhrif mannvirkjanna.

Skógrækt

Á uppdrætti, mynd 3.4, er tillaga að deiliskipulagi. Í tillögunni er sýndur skógræktarreitur í hlíðum Svínhólafjalls og samhliða deiliskipulagsútlínunum en utan deiliskipulags. Ekkert er fjallað um þennan reit í fyrirspurninni en einkennilegt ef það á að líta svo á að hann sé fyrirhuguðum framkvæmdum óviðkomandi bæði vegna staðsetningar og umfjöllunar um skógrækt á fyrri stigum. Ekkert er fjallað um tegundaval eða breytingar á landslagi eða sjálfsáningu en víða á landinu er farið að bera á að framandi tegundir eru að sá sér langt út fyrir samþykkt skipulagssvæði en þar virðist sem ábyrgð þeirra sem sjá um skógræktina sleppi þrátt fyrir að sjálfsáning eigi sér stað út fyrir skipulagsreiti eða inn á t.d. svæði sem njóta sérstakrar verndar (eignarhald gæti einnig verið annað en í samþykktum skógræktarreitum).

Niðurstaða

Það er mat Náttúrufræðistofnunar að eðlilegast sé að fyrirhugaðar framkvæmdir í landi Svínhóla fari í mat á umhverfisáhrifum. Afstaða stofnunarinnar byggir á því að hér er um töluvert magn af byggingum að ræða og þrátt fyrir ásetning um umhverfisvænar framkvæmdir og mótvægisáðgerðir þá er óljóst hvernig verður staðið að framkvæmdum og hver hin endanlega útfærsla þeirra verður. Þetta á bæði við um hönnun og landslagsáhrif og endanlega úrfærslu á mengunarvörnum, frárennsli, auk hugsanlegra áhrifa á votlendi á svæðinu vegna breytinga sem geta orðið á vatnsstöðu vegna bygginga. Skógrækt virðist auk þess vera tekin út úr skipulaginu, frá fyrri hugmyndum, en engin skýring er gefin á því. Engu að síður er settur skógræktarreitur í hlíðar Svínhólafjalls sem fylgir deiliskipulagstillögunni og virðast augljós tengsl þar á milli. Með mati á umhverfisáhrifum getur framkvæmdaraðili lokið við útfærslur og sýnt fram á áætlaðan árangur af þeim mótvægisáðgerðum og umhverfisvænum aðferðum sem hann á endanum mun leggja til og þær ásamt áliti Skipulagsstofnunar orðið grunnur að leyfisveitingum, verði að framkvæmdum.

Náttúrufræðistofnun vill benda á, eins og hefur komið fram hér að framan, að í raun er lagt til að koma á fót litlu „þorpi“ á stærð við t.d. Grýtubakkahrepp eða rúmlega helming Seyðisfjarðar þar sem að hluta til er gert ráð fyrir fastri búsetu. Þrátt fyrir að gert sé ráð fyrir fastri búsetu er þó slegið föstu að ekki verði ætlast til ákveðinnar innviðauppbyggingar s.s. leikskóla- eða grunnskólalássu. Í þessu felst óvissa, ef föst búseta verður heimiluð, m.a. í ljósi þess þar sem segir í fyrirspurninni að ekki sé stefnt að frekari uppbyggingu á svæðinu.

Með hliðsjón af 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum og staðsetningu framkvæmdarinnar byggir niðurstaða Náttúrufræðistofnunar um fyrirhugaða framkvæmd m.a. á því að óvissa er um áhrif á náttúru svæðisins m.a. í ljósi liðar 1. i, iv og v, liðar 2. i ii, iii og iv (a, b, d, e (landslagsheilda), f (upprunalegs gróðurlendis)) og liðar 3. vii þ.e. möguleika til að draga úr áhrifum.



Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is

